

JAFNRÉTTISNEFND NESKAUPSTADAR.

Útskrift úr gjörðabók.

10.

Ar 1977, þriðjudaginn 1.3., kl. 21 er haldinn/fundur í Jafnréttis-nefnd Neskaupstaðar.

Mættir voru: Gerður G. Óskarsdóttir formaður, Stella Steinþórsd., Smári Geirsson, Stefania Stefánsdóttir, Arni Þormóðsson, Anna Björnsdóttir og Jóhannes Stefánsson.

Tekið fyrir:

1. Frumvarp til laga um tekju- og eignaskatt, sérstaklega með tilliti til skattlagningar hjóna. Nefndarmenn höfðu fengið frumvarpið til aflestrar fyrir fundinn. Dreift var blaði með athugasemdum um ofannefnda liði frumvarpsins og athugasemdum um hugsanlega skattlagningu launafólks út frá jafnréttis-sjónarmiðum kynjanna.

Málin voru rædd fram og aftur og voru nefndarmenn ekki sammála. Því var fallið frá að sinni að senda álit frá nefndinni um áðurnefnd frumvarp eða skattlagningu hjóna almennt.

Fleira ekki tekið fyrir.

Randiður Vigfúsdóttir	Smári Geirsson	Anna Björrnsdóttir
(sign.)	(sign.)	(sign.)
Stefania Stefánsdóttir	Arni Þormóðsson	Jóhannes Stefánsson
(sign.)	(sign.)	(sign.)
Gerður G. Óskarsdóttir	Stella B. Steinþórsdóttir	
(sign.)	(sign.)	

11.

Ar 1977, mánudaginn 24.október, kl. 20³⁰ er haldinn/fundur í Jafnréttisnefnd Neskaupstaðr.

Mættir voru: Gerður G. Óskarsdóttir formaður, Randiður Vigfúsdóttir, Smári Geirsson, Sigrún Þormóðsdóttir, Jóhannes Stefánsson, Anna Björnsdóttir, Stefania Stefánsdóttir og Stella Steinþórsdóttir.

Í upphafi fundar minnti formaður á að ~~kvæxáxxexxx~~ pennan dag fyrir tveim árum ~~h~~ höfðu konur um allt land lagt niður störf 24.október 1975, til þess að undirstrika þýðingu starfa sinna í þjóðfélaginu.

Tekið fyrir:

1. Í júní s.l. kom hingað til Neskaupstaðar bandarískur félagsfræðingur að nafni Marian Hohmann, sem hefur verið fulltrúi Baháíá á bingi Sameinuðu þjóðanna. Hún bauð Jafnréttisnefnd Neskaupstaðar á fund til þess að ræða viðhorf Baháíá til jafnréttismála í heiminum. Randiður Vigfúsdóttir, Jóhannes Stefánsson og Stella Steinþórsd. sóttu fundinn. Sögðu þau nefndarmönnum frá þeim umræðum, sem par höfðu farið fram.

2. Borist hefur svarbréf frá Jafnréttisráði dags. 13.júlí 1977 vegna erindis nefdarinnar varðandi lífeyri til ekkla jafnt sem ekkna. Ráðið hafði snáið sér til stjórnar S.A.L. og fengið þau svör, að heildarendur ~~skánn~~ skipulagning færí nú fram á lífeyriskerfi landsmanna og það fyrirkomulag, sem nú tilkast m.a. í maka-lífeyrisúrskurðum aðildarsjóða S.A.L., væri á engan hátt endanlegt framtíðarfyrirkomulag.

3. Könnun á vegum Jafnréttisnefndar vorið 1976. Formaður upplýsti, að būlð væri að vinna uppi könnunina og væri hún nú í fjöldritun. Lagðir voru fram lokarei ningar frá Kristni Karlssyni félagsfræðingi.

4. Formaður kynnti skýrslu kvennaársnefndar útg. af forsætisráðuneytinu 1977. Ákveðið var að nefndarmenn skrifuðu ~~til~~ pistla til kynningar á ýmsu efni bókarinnar og byðu þá til birtningar í "Asuturland".

5. Skattamál kvenna. Vegna hugsanlegra breytinga á skattalögum samþykkir nefndin að senda Fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar Alþingis eftirfarandi álit:

"Jafnréttisnefnd Neskaupstaðar hefur tekið skattlagningu kvenna til umræðu. Nefndin hefur kynnt sér álit Jafnréttisráðs um skattlagningu gifts fólks, ~~Nefndin~~ sem ráðið hefur þegar sent Fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar Alþingis. Nefndin vill taka undir meginsjónarmið þessa álits ráðsins og leggur áherslu á eftirfarandi:

1. Hver fullvaxinn einstaklingur verði sjálfstæður skattpegn. Sjálfsagt er í nútímaþjölfélagi að skattar séu álagðir áháð kynferði og hjúskaparstétt. Sérsköttun af séraflafé verði markmið við gerð nýrrar skattalöggjafar.

2. Persónuafsláttur verði sá sami fyrir alla áháð hjúskaparstétt eða kynferði, en ónýttan persónuafslátt megi flytja milli hjóna eða sambýlisfólks.

3. Við þessar breytingar verður að tryggja að barnabætur og afsláttur vegna gæslu barna utan heimilis og ummænnunar sjúkra og gamalmenna, sem eru á heimilum, komi ekki verr út fyrir láglunaheimili en núverandi 50% afsláttur af launum giftra kvenna.

4. Skattfrjáls eign hjóna verði hin sama og tveggja einstaklinga. Eignaskattur af sameign skiptist í hlutfalli við eignarhlut hvors um sig.

Nefndin telur þá helmingaskiptareglu, sem er í því skattafrumvarpi, sem nú liggur fyrir Alþingi spor aftur á bak og muni frekar draga úr pátttöku kvenna í atvinnulífinu. En fjárhælegt sjálfstæði kvenna er ein aðalforsenda jafnréttis þeirra á við karla.

Einnig telur nefndin fráleitt að skattleggja fengið meðlag eins og lagt er til í frumvarpinu. Meðlag er ekki tekjur heldur mótframlag þess foreldris, sem ekki hefur barn hjá sér til hins, sem annast uppeldið. "

6. Kynningarfundur á vegum nefndarinnar. Samþykkt var að halda fund um tvöfalt vinnuálag kvenna. Ekki var tekin ákvörðun um form fundarins, en talið æskilegt að hafa hann með léttu ívafi og leita samstarfs við aðra aðila.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Randíður Vigfúsdóttir
(sign.)

Jóhannes Stefánsson
(sign.)

Sigrún Þormóðsdóttir
(sign.)

Gerður G. Óskarsdóttir Stefánia Stefánsd.
(sign.) (sign.)

Stella Steinsþórsdóttir Anna Björnsd.
(sign.) (sign.)

Smári Geirsson.
(sign.) þ